



FRÉTTABRÉF GRÓTTU

Áfram Gróttu

Í þessu blaði:

- Aukið samfélagslegt hlutverk Gróttu
- Kraftur í fræðslustarfi
- Hvað er framundan?
- Myndir úr starfinu

Mánaðarlegt fréttabréf

Framvegis mun Íþróttafélagið Gróttu gefa út mánaðarlegt fréttabréf, í kringum mánaðarmót. Tilgangurinn er að auka upplýsingaflæði um starfsemi íþróttafélagsins og koma á framfæri þeim viðburðum sem framundan eru.

Það er von okkar að Gróttufólk og Seltirningar allir taki þessari nýjung frá félaginu vel. Myndir í blaðinu eru teknar af Eyjólfí Garðarssyni, ljósmyndara.

Aukið samfélagslegt hlutverk Gróttu

Saga Gróttu er samofin sögu Seltjarnarness frá árinu 1967 þegar félagið var stofnað. Félagið hefur undanfarin ár verið í senn hjartað og sálin í mannlífi bæjarins, veitt ungu fólki þjálfun í deildum félagsins og skapað fyrirmyndir um heilbriggt líf, samstarf og vináttu ungs fólks fram á fullorðins ár. Gróttan hefur ekki aðeins alið upp vaskar sveitir í keppni og leik, heldur hefur Gróttu einnig verið vettvangur fyrir sjálfbóðastarf hundruða bæjarbúa í gegnum árin.



Á þessu ári fagnar Gróttu fimmtíu ára afmæli, en á þeim áratugum sem liðnir eru frá stofnun félagsins, hefur bærinn byggt upp myndarlega aðstöðu fyrir félagið ásamt því að styðja við fjárhagslegan rekstur þess. Á næstu mánuðum verður farið í stækkun á fimleikahúsi og íþróttamiðstöð bæjarins við Suðurströnd.

Ytra umhverfi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi hefur tekið miklum breytingum. Samþætting við samfélagið hefur aukist og hlutverk íþróttahreyfingarinnar hefur breyst og vaxið samhliða auknum kröfum sem gerðar eru til starfseminnar. Það hefur verið metnaður Gróttu að bæta alla innri og ytri umgjörð starfseminnar samhliða auknum kröfum samfélagsins—iðkenda og síðast en síst foreldra. Hefur þetta án efa aukið vægi íþróttastarfsins innan Gróttu og fest hana í sessi sem einn af hornsteinum bæjarfélagsins.

Bærinn gerði rekstrarsamning við Íþróttafélagið Gróttu 1. september sl., til tveggja ára. Samningurinn felur í sér að Íþróttafélagið Gróttu tekur að sér rekstur og starfsemi íþróttamannvirkja Seltjarnarnesbæjar. Það er von okkar í bæjarstjórn Seltjarnarness að með þessum samningi muni félagið vaxa og dafna sem aldrei fyrr. Íþróttir hafa löngum verið í hávegum hafðar í rekstri og starfsemi bæjarins og þar hefur Gróttu verið bæjarfélaginu afar mikilvægur hlekkur og hefur félagið borið hróður bæjarfélagsins víða.

Gróttukveðja,


Ásgerður Halldórsdóttir,

Bæjarstjóri Seltjarnarness



Aukinn kraftur settur í fræðslu

Undanfarnar vikur hafa verið viðburðarríkar í fræðslu-
starfi Gróttu. Þjálfarar allra deilda mættu á fræðslu-
erindi Dr. Viðars Halldórssonar um verkefnið „Sýnum
karakter“. Það fjallar um mikilvægi þess að styrkja sál-
ræna og félagslega færni iðkenda eins og líkamlega
færni.



Bjarni Fritzson flutti á dögnum fræðsluerindi fyrir
iðkendur allra deilda sem fæddir eru 2004 og fyrr undir
yfirskriftinni „Vertu óstöðvandi“. Þar fjallaði hann um
efni sem ætlað var að styrkja sálrænan hluta íþrótta-
fólks. Góð mæting var á erindið en um 160 iðkendur
mættu til að hlýða á Bjarna.

Miðvikudaginn 15. febrúar kl. 20.15 mun Bjarni svo koma aftur til okkar og flytja fyrir-
lestur fyrir foreldra allra iðkenda í Gróttu. Þar mun hann fjalla um það hvernig hægt
er að styrkja árangur og sjálfsmynd barna og unglinga.



Hvað er framundan?

Fös 3. febrúar — Valur-Gróttu kl. 18.00 — Olís deild kvenna (handbolti)

Lau-sun 4.-5. febrúar — Reykjavíkurléikar — (fimleikar)

Mán 6. febrúar — Gróttu-Haukar kl. 19.30 — Olís deild karla (handbolti)

Þri 7. febrúar — Gróttu-Selfoss kl. 19.30 — Coca cola bikar kvenna (handbolti)

Fös-sun 10.-12. febrúar — Þreppamót 1.-3. þrep — (fimleikar)

Lau 11. febrúar — Gróttu-Afturelding kl. 16.00 — Coca cola bikar karla (handbolti)

Lau 11. febrúar — 1. leikur 3. umferð — Olís deild kvenna (handbolti)

Fim 16. febrúar — 1. leikur 3. umferð — Olís deild karla (handbolti)

Fös 17. febrúar — Keflavík-Gróttu kl. 20.00 — Fótbolti.net mótið (fótbolti)

Lau 18. febrúar — 2. leikur 3. umferð — Olís deild kvenna (handbolti)

Lau 25. febrúar — Gróttu-KA kl. 15.00 — Fótbolti.net mótið (fótbolti)